

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 438 22. júní 1999, um togveiðar á kolmunna.

1. gr.

2. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Óheimilt er að stunda kolmunnaveiðar vestan 20°30'V og innan línu fyrir Suður- og Austurlandi sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

- | | |
|-----------------------------|-----------------------------|
| 1. 63°05,90 N - 20°30,00 V | 11. 63°33,60 N - 14°41,70 V |
| 2. 63°11,40 N - 19°07,30 V | 12. 63°43,40 N - 13°53,00 V |
| 3. 63°07,50 N - 18°38,00 V | 13. 64°00,00 N - 13°07,00 V |
| 4. 63°09,00 N - 18°27,00 V | 14. 64°21,70 N - 12°17,30 V |
| 5. 63°07,00 N - 18°02,00 V | 15. 64°32,30 N - 11°41,00 V |
| 6. 63°12,50 N - 17°00,00 V | 16. 65°00,00 N - 11°28,00 V |
| 7. 63°20,00 N - 16°03,00 V | 17. 65°27,00 N - 11°24,00 V |
| 8. 63°22,50 N - 15°51,00 V | 18. 65°50,00 N - 11°32,00 V |
| 9. 63°26,00 N - 15°29,00 V | 19. 66°06,00 N - 11°33,00 V |
| 10. 63°30,70 N - 15°00,00 V | 20. 66°15,00 N - 12°00,00 V |

og þaðan í rv. 360° að mörkum fiskveiðilögsögunnar.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi 1. september 1999.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 27. ágúst 1999.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.

Nr. 578

23. ágúst 1999

AUGLÝSING

um deiliskipulag á lóð úr landi Melaleitis í Leirár- og Melahreppi,
Borgarfjarðarsýslu.

Hreppsnefnd Leirár- og Melahrepps hefur samþykkt deiliskipulag á lóð úr landi Melaleitis. Deiliskipulagið hefur fengið meðferð samkvæmt lögum nr. 73/1997. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Leirár- og Melahreppi, 23. ágúst 1999.

Sigurður Valgeirsson oddviti.